



Bæjarstjórn Blönduósbæjar

41. FUNDUR – 8. september 2009

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 41. fundar þriðjudaginn 8. september 2009 kl. 17:00 að Hótel Blönduósi. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Þórir Sveinsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Erindi Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur.*
2. *Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði ársins.*
3. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 17. ágúst 2009*
 - b) *Bæjarráð frá 2. september 2009*
 - c) *Menningar- og fegrunarnefnd frá 6. júlí 2009*
 - d) *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 23. júlí 2009*
 - e) *Framkvæmdahópur um byggingu sundlaugar frá 27. ágúst 2009*
 - f) *Fræðslunefnd frá 20. ágúst 2009*
 - g) *Bs. um menningu og atvinnumál frá 27. júlí 2009*
 - h) *Bs. um Tónlistarskóla A-Hún frá 24. ágúst 2009*
 - i) *Bs. um Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 24. ágúst 2009*
 - j) *Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2009*
 - k) *Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 14. ágúst 2009*
 - l) *Stjórnar SSNV frá 12. ágúst 2009*
 - m) *17. ársþings SSNV frá 21.-22. ágúst 2009*
 - n) *Aðalfundur Menningarráðs Norðurlands vestra frá 21. ágúst 2009*
 - o) *Stjórnar Héraðsbókasafnsins frá 19. ágúst 2009*
 - p) *Fundargerðir Samvinnunefndar um svæðisskipulag A- Hún frá 3. júlí 2009 og 26. ágúst 2009 (verður afhent á fundinum).*
4. *Atvinnumál.*

Afgreiðslur:

1. *Erindi Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur, bæjarfulltrúa.*

Lagt fram bréf dags. 4. september 2009 frá Jónu Fanneyju Friðriksdóttur, bæjarfulltrúa, þar sem hún tilkynnir afsögn sína úr bæjarstjórn Blönduósbæjar.

Forseti lagði fram svohljóðandi tillögu að bókun:

„Bæjarstjórn samþykkir að veita Jónu Fanneyju Friðriksdóttur lausn frá störfum bæjarstjórnar til loka núverandi kjörtímabils, sbr. 34. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 með síðari breytingum. Bæjarstjórn þakkar Jónu Fanneyju vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.“

Bæjarstjórn samþykkti með sjö samhljóða atkvæðum tillögu forseta.

Forseti bauð nýjan bæjarfulltrúa, Zophonías Ara Lárusson, velkominn til starfa í bæjarstjórn og tekur hann sæti Jónu Fanneyjar.

2. *Rekstur Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði ársins.*

Lagt fram bréf dags. 3. september 2009 frá Arnari Þór Sævarssyni, bæjarstjóra, ásamt fylgiskjölum þar sem hann gerir grein fyrir stöðu rekstrar og fjárfestinga Blönduósbæjar fyrstu 6 mánuði ársins og fyrirséðum framkvæmdum á næstu mánuðum.

Bæjarstjórn vísar rekstrarskýrslu fyrstu 6 mánuði ársins, bréfi bæjarstjóra og meðfylgjandi gögnum til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins.



3. **Fundargerðir:**

a. Bæjarráðs frá 17. ágúst 2009, 75. fundur.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Tölul. 13. a. Bæjarstjórn staðfestir fundargerðina. Töluliðurinn samþykktur 6:0.

Fundargerðin samþykkt 7:0.

b. Bæjarráðs frá 2. september 2009, 76. fundur.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.

Fundargerðin samþykkt 7:0.

c. Menningar- og fegrunarnefndar frá 6. júlí 2009, 27. fundur.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt 7:0.

d. Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 23. júlí 2009.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt 7:0.

e. Framkvæmdahóps um byggingu sundlaugar frá 27. ágúst 2009.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt 7:0.

f. Fræðslunefndar frá 20. ágúst 2009.

Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin samþykkt 7:0.

g. Bs um menningu og atvinnumál í A-Hún. frá 27. júlí 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h. Bs um Tónlistarskóla Austur-Húnavetninga frá 24. ágúst 2009, 9. fundur.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i. Bs um Félags- og skólaþjónustu A-Hún. frá 24. ágúst 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2009, 766. fundur.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k. Stjórnar Hafnarsambands Íslands frá 14. ágúst 2009, 322. fundur.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l. Stjórnar SSNV frá 12. ágúst 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m. 17. ársþings SSNV frá 21.-22. ágúst 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n. Aðalfundar Menningarráðs Norðurlands Vestra frá 21. ágúst 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o. Stjórnar Héraðsbókasafnsins frá 19. ágúst 2009.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

p. Samvinnunefndar um svæðisskipulag A-Hún. frá 3. júlí 2009 og 26. ágúst 2009.

Fundargerðin frá 3. júlí lögð fram til kynningar.



Forseti lagði fram svohljóðandi tillögu að bókun við fundargerðina frá 26. ágúst 2009:

„Tekið fyrir bréf frá Samvinnunefnd um Svæðisskipulag Austur-Húnavatnssýslu dags. 8. september 2009 s.l. varðandi breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016. Á auglýsinga- og kynningartíma bárust athugasemdir frá 8 aðilum og hafa svör samvinnunefndar verið send til þeirra sem athugasemdir gerðu og verður niðurstaða samvinnunefndarinnar auglýst, sbr. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Sveitarstjórn leggur til að breyting á Svæðisskipulagi A-Hún., verði samþykkt.“

Bæjarstjórn samþykkti með sjö samhljóða atkvæðum tillögu forseta.

4. Atvinnumál.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu viðræðna um mögulega uppbyggingu gagnavers á Blönduósi.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:25.

Valgarður Hilmarsson, forseti (sign)

Þórir Sveinsson, ritari (sign)

Héðinn Sigurðsson (sign)

Zophonías Ari Lárusson (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign)

Ágúst Þór Bragason (sign)

Valdimar Guðmannsson (sign)

Kári Kárason (sign)

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri. (sign)